

# STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR STARFSEMI MEÐ GÆLUDÝR

*Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna hollustuhátta, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum*

## 1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

		Rgl.nr.	Uppfyllt
1.1	Starfsleyfið gildir fyrir mengunarvarnir, aðbúnað, aðkomu og öryggi gesta og viðskiptavina í starfsemi vegna geymslu og umhirðu dýra s.s. dýragæslur, dýralæknastofur, dýrasnyrtistofur, dýraspítala, gæludýraverslanir, dýragarða og umfangsmiklar dýrasýningar.	941/2002	
1.2	Starfsleyfið gildir aðeins í húsnæði sem tilgreint er í starfsleyfisumsókn og hlotið hefur samþykki byggingarfulltrúa og skipulagsyfirvalda fyrir starfsemina. Starfsleyfið tekur til húsnæðis og lóðar.	941/2002 og 112/2012	
1.3	Ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða gilda viðeigandi starfsleyfisskilyrði.	941/2002 og 785/1999	
1.4	Þess skal gætt við staðsetningu dýraþjónustu að hún valdi ekki ónæði s.s. vegna hávaða og/eða lyktarmengunar.	724/2008	
1.5	Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfisskilyrðum.	941/2002, 13.gr	
1.6	Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um innra eftirlit vegna starfseminnar.	941/2002, 9. gr	

## 2. HÚSNÆÐI OG BÚNAÐUR

2.1	Húsnæði skal vera vel viðhaldið. Húsnæðið skal vera aðskilið frá óskyldum atvinnurekstri eða íbúð.	941/2002 16. gr	
2.2	Húsakynni skulu vera hæfilega hituð og loftræst á fullnægjandi hátt.	941/2002 IV. kafli	
2.3	Þar sem við á skal lóð girt af með dýraheldri girðingu.	941/2002 IV. kafli	
2.4	Viðskiptavinir skulu eiga aðgang að fullbúinni snyrtingu með einnota handþurrkum og fullnægjandi loftræsingum.	941/2002 IV. kafli	
2.5	Læst og vel loftræst ræstiaðstaða skal vera til staðar. Þar skal vera nægilegt geymslurými fyrir ræstiahöld og efnavöru.	941/2002 14. gr	
2.6	Nota skal umhverfisvæn efni til þrifa þar sem því verður við komið og forðast óþarfa notkun efnavara.	941/2002 14. gr	
2.7	Fara skal að ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólp eftir því sem við á.	798/1999	

### 3. HREINLÆTI OG ÞRIF

3.1	Húsnæði og lóð þar sem fram fer gæludýrahald skal þrifið daglega eða oftar sem ræðst af notkun. Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um innra eftirlit vegna þrifa.	941/2002 IV. kafli	
3.2	Frágangur húsnæðis skal þannig gerður að auðvelt sé til þrifa.	941/2002 IV. kafli	
3.3	Loftræsikerfi skal hreinsa reglubundið í samræmi við fyrirliggjandi þjónustu- og rekstrarhandbók.	941/2002 IV. kafli	
3.4	Tóbaksnotkun er bönnuð þar sem almenningur leitar þjónustu.	Lög 6/2002	

### 4. Sóttvarnir

4.1	Fara skal að ákvæðum hollustuháttareglugerðar vegna ormahreinsunar á hundum og köttum.	941/2002 XV. kafli	
4.2	Rekstraraðilar fyrirtækja sem sjá um vörslu dýra er heimilt að fara fram á vottorð um hreinsun á hundi eða ketti.		
4.3	Dýrahæ skal flytja til viðurkenndrar móttökustöðvar.	737/2003	

### 5. ÖRYGGI OG SLYSAVARNIR

5.1	Gæludýr skulu ekki ganga laus þannig að viðskiptavinum sé hættu búin.	941/2002 9. og 11. gr	
5.2	Dýrageymslur skulu vera þannig gerðar að ekki sé hættu á að dýr geti sloppið.	941/2002 9. og 11. gr	
5.3	Í umgengni við dýr skal gæta varúðar þannig að hvorki hljótist af slys eða sýkingar.	941/2002 XV. kafli	

### 6. UMHVERFISMÁL

6.1	Aðkoma og athafnasvæði skulu hrein og uppfylla almenn öryggissjónarmið.	941/2002 14. gr	
6.2	Leitast skal við að draga úr sorpmyndun með endurvinnslu úrgangs.	737/2003	
6.3	Spilliefnum og lyfjaleifum skal safna og koma til viðurkenndrar móttökustöðvar.	737/2003	
6.4	Lyf og hættuleg efni skal geyma í læstum skápum. Efnavara skal merkt í samræmi við eiturefnalöggjöf og fargað á viðurkenndum móttökustöðum.	806/1999 og 737/2003 Viðauki I	

Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002, reglugerð um

meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð um spilliefni nr. 806/1999, reglugerð nr. 236/1990 um flokkun og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni, lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir, reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn, byggingarreglugerð nr. 112/2012

**Atvinnugreinaflokkur (ISAT95):** 01.42.0.1 hundahótel, 01.42.0.2 Hunda og kattahótel, 52.49.1.0 gæludýraverslun, , 85.20.0.0, dýralæknastofur, 85.20.0.5 dýrasnyrtistofur, 85.20.0.4 dýragæsla, 85.20.02 dýraspítalar, 85.20.0.6 dýragarðar og dýrasýningar, 92.53.0.1 húsdýragarðar

Reykjavík 12.07.2018



Kristín Linda Árnadóttir

